TIL BAKA

ÍSLENSK útgáfa

# EES-viðbætir

## við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 10

5. árgangur

12.3.1998

---

**I EES-STOFNANIR**

**1. EES-ráðið**

**2. Sameiginlega EES-nefndin**

**3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin**

**4. Ráðgjafarnefnd EES**

**II EFTA-STOFNANIR**

**1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna**

**2. Eftirlitsstofnun EFTA**

**3. EFTA-dómstóllinn**

**III EB-STOFNANIR**

**1. Ráðið**

**2. Framkvæmdastjórnin**

**98/EES/10/01** Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1079 - Deutag/Ilbau/Sächsische Asphaltmischwerke) ...................................... 1

**98/EES/10/02** Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1138 - Royal Bank of Canada/Bank of Montreal) ........................................... 2

**98/EES/10/03** Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1134 - Tarmac/Bovis) ........................................................................................ 2

**98/EES/10/04** Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1078 - BP/Hüls) ................................................................................................ 3

**98/EES/10/05** Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1087 - Promodes/Simago) ................................................................................. 3

**98/EES/10/06** Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62 um beiðni um að mótmælum verði ekki hreyft eða sérstaka undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. (Mál nr. IV/36.327 TPS) .......................................................................................................... 4

98/EES/10/07 Ríkisaðstoð - Mál nr. C 90/97 - Ítalía ..... 4

98/EES/10/08 Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um að framlengja gildistíma leiðbeininganna um ríkisaðstoð vegna björgunar og endurskipulagningar á fyrirtækjum í erfiðleikum ..... 4

98/EES/10/09 Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um leiðbeiningar um innlenda byggðastyrki ..... 5

98/EES/10/10 Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans
Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki ..... 5

98/EES/10/11 Skrá yfir útgefnar ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar ..... 8

98/EES/10/12 Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 9. 2. til 13. 2. 1998 ..... 10

98/EES/10/13 Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir ..... 11

**3. Dómstóllinn**

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

### Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1079 - Deutag/Ilbau/Sächsische Asphaltmischwerke)

**98/EES/10/01**

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. 2. 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89([1]) þar sem fyrirtækin Deutag GmbH & Co. KG (Deutag), sem er undir stjórn Werhahn-Gruppe (Werhahn), og Ilbau GmbH Deutschland (Ilbau), sem er undir stjórn Bau Holding AG, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir Sächsische Asphaltmischwerke GmbH & Co KG (Sächsische Asphaltmischwerke), með kaupum á hlutum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.

2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   - Deutag: framleiðsla á asfaltefni, grjótnám, endurvinnsla og meðferð úrgangs,

   - Werhahn: byggingarefni og tengd þjónusta, aðrar iðnaðarvörur og ýmis þjónusta,

   - Ilbau/Bau Holding: byggingarstarfsemi og vegagerð,

   - Sächsische Asphaltmischwerke: framleiðsla á malbiki í Þýskalandi (Saxlandi).

3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.

4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtíð. EB nr. C 75, 11. 3. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1079 - Deutag/Ilbau/Sächsische Asphaltmischwerke, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

**([1]) Stjtíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.**

ÍSLENSK útgáfa



## Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1138 - Royal Bank of Canada/Bank of Montreal) 98/EES/10/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. 2. 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89([1]) þar sem fyrirtækin Royal Bank of Canada og Bank of Montreal sameinast að öllu leyti í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins með því að flytja starfsemi sína til jafngilds félags sem er nýr samsteypubanki.

2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er banka- og fjármálastarfsemi.

3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.

4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtíð. EB nr. C 74, 10. 3. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1138 - Royal Bank of Canada/ Bank of Montreal, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

## Samfylking fyrirtækja sem tilkynnt hefur verið fyrirfram (Mál nr. IV/M.1134 - Tarmac/Bovis) 98/EES/10/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 27. 2. 1998 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89([1]) þar sem fyrirtækin Tarmac Construction Ltd., sem tilheyrir samstæðunni Tarmac plc, og Bovis Ltd., sem tilheyrir samstæðunni The Peninsular and Oriental Steam Navigation Company, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir Castlewyse Ltd., með kaupum á hlutum í nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni.

2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:

   - Tarmac: byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, verktaka- og ráðgjafaþjónusta,

   - Bovis: byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, verkefnastjórnun, verktaka- og ráðgjafarþjónusta,

   - Castlewyse: útvegun á búnaði og tækjum, sala á neysluvörum til notkunar í byggingariðnaðinum.

3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað um sinn.

**([1]) Stjtíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.**

4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtíð. EB nr. C 71, 7. 3. 1998. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01/296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.1134 - Tarmac/Bovis, á eftirfarandi heimilisfang:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate B - Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1040 Brussels

## Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1078 - BP/Hüls) 98/EES/10/04

Framkvæmdastjórnin ákvað 13. 2. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89([1]). Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fáanleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fáanleg:

- í pappírsútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í ,,CEN"-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1078. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

## Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.1087 - Promodes/Simago) 98/EES/10/05

Framkvæmdastjórnin ákvað 6. 2. 1998 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89([1]). Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fáanleg á frönsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fáanleg:

- í pappírsútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í ,,CFR"-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 398M1087. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**([1]) Stjtíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.**

ÍSLENSK útgáfa

## Tilkynning samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62([1]) um beiðni um að mótmælum verði ekki hreyft eða sérstaka undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. (Mál nr. IV/36.327 TPS)

**98/EES/10/06**

Framkvæmdastjórninni barst 21. október 1996 tilkynning og beiðni um að mótmælum verði ekki hreyft samkvæmt 1. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans, en að öðrum kosti um undanþágu samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans, vegna samninga um stofnun fyrirtækisins ,,Télévision Par Satellite" (TPS) í því skyni að dreifa stafrænum áskriftarsjónvarpsþáttum og -þjónustu í Frakklandi um gervihnött. Fyrirtækið áformar að færa starfsemina út til annarra frönskumælandi svæða síðar meir.

Þar sem um er að ræða nýtt fyrirtæki hefur stofnun TPS jákvæð áhrif á samkeppni og því ætlar framkvæmdastjórnin að taka jákvæða afstöðu gagnvart samningunum sem tilkynnt hefur verið um. Hvað varðar ákvæði um einkadreifingu á rásum í þágu almennra hagsmuna um TPS ætlar framkvæmdastjórnin að veita undanþágu til þriggja ára með möguleika á framlengingu ef frönsk lög skerða einkarétt. Áður en af því verður gefur hún öllum þriðju aðilum sem hagsmuna eiga að gæta kost á að senda athugasemdir sínar, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtíð. EB nr. C 65, 28. 2. 1998, með tilvísun til IV/C2/36.237 - TPS, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission
Directorate General for Competition (DG IV)
Directorate C: Information, communication and multimedia
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

## Ríkisaðstoð
## Mál nr. C 90/97
## Ítalía

**98/EES/10/07**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans vegna ríkisaðstoðar sem var veitt fyrirtækinu Enirisorse (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 70 frá 6. 3. 1998).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtíð. EB, við:

European Commission
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Ítalíu.

## Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um að framlengja gildistíma leiðbeininganna um ríkisaðstoð vegna björgunar og endurskipulagningar á fyrirtækjum í erfiðleikum

**98/EES/10/08**

Framkvæmdastjórnin birti orðsendingu um að framlengja gildistíma leiðbeininganna um ríkisaðstoð vegna björgunar og endurskipulagningar á fyrirtækjum í erfiðleikum í Stjtíð. EB nr. C 74, 10. 3. 1998. Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að framlengja gildistíma leiðbeininganna um ríkisaðstoð vegna björgunar og endurskipulagningar á fyrirtækjum í erfiðleikum þar til nýjar leiðbeiningar verða birtar eða að minnsta kosti um eitt ár frá því að þessi orðsending birtist í Stjtíð. EB (sjá nánari útlistun í fyrrnefndum Stjtíð. EB).

([1]) **Stjtíð. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204/62.**

## Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um leiðbeiningar um innlenda byggðastyrki 98/EES/10/09

Framkvæmdastjórnin birti orðsendingu um leiðbeiningar um innlenda byggðastyrki í Stjtíð. EB nr. C 74, 10. 3. 1998. Aðstoðarráðstafanirnar sem fjallað er um í þessum leiðbeiningum („byggðastyrkir") eru ólíkar öðrum tegundum ríkisstyrkja (einkum aðstoð í tengslum við rannsókna- og þróunarverkefni, umhverfisvernd, eða til fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum) að því leyti að þær miðast við sérstök svæði og uppbyggingu þeirra (sjá nánari útlistun í fyrrnefndum Stjtíð. EB).

Framkvæmdastjórnin mun endurskoða þessar leiðbeiningar innan fimm ára frá gildistöku þeirra. Henni er þar að auki heimilt að breyta þeim hvenær sem er ef slíkt er talið nauðsynlegt af ástæðum er varða stefnumótun í samkeppnismálum eða til að taka mið af öðrum stefnumiðum bandalagsins eða alþjóðlegum skuldbindingum.

## Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans 98/EES/10/10
## Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska ríkisaðstoð til skipasmíðaiðnaðarins, ríkisaðstoð nr. N 108/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 50 frá 17. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska ríkisaðstoð til nýrra og starfandi lítilla og meðalstórra fyrirtækja í bæjarfélaginu Chemnitz/Brühl-Nordviertel í Saxlandi, ríkisaðstoð nr. N 121/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 50 frá 17. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska ríkisaðstoð til að stuðla að aukinni notkun endurnýjanlegrar orku, ríkisaðstoð nr. N 399/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 50 frá 17. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska ríkisaðstoð vegna starfsþjálfunar í Saxlandi-Anhalt, ríkisaðstoð nr. N 435/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 50 frá 17. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska ríkisaðstoð vegna byggðaþróunar og uppbyggingar lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Bæjaralandi, ríkisaðstoð nr. N 437/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 50 frá 17. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska ríkisaðstoð vegna skipulagsbreytinga á svæðum sem byggja á kolanámuiðnaði, ríkisaðstoð nr. N 320/A/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 50 frá 17. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska ríkisaðstoð til að efla rannsókna- og þróunarstarfsemi lítilla og meðalstórra fyrirtækja, ríkisaðstoð nr. N 480/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 50 frá 17. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra hátæknifyrirtækja, ríkisaðstoð nr. N 788/96 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 50 frá 17. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska ríkisaðstoð vegna einkavæðingar og endurskipulagningar á fyrirtækinu GMB Magnete Bitterfeld, ríkisaðstoð nr. NN 131/96 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 50 frá 17. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt franska ríkisaðstoð vegna endurskipulagningar á fyrirtækinu Ateliers et chantier du Havre (ACH), ríkisaðstoð nr. N 281/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 50 frá 17. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt franska ríkisaðstoð vegna þróunar á flugeftirlitskerfi fyrir Airbusvélar (með síðari prófun), ríkisaðstoð nr. N 584/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 50 frá 17. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt framlengingu á nokkrum þýskum ríkisaðstoðaráætlunum fyrir skipasmíðaiðnaðinn, ríkisaðstoð nr. N 85/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 51 frá 18. 2. 1998).

ÍSLENSK útgáfa

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska ríkisaðstoð til fyrirtækisins Lloyd Waft Bremerhaven GmbH til að gera því kleift að fá hrein veltulán frá einkabanka (grein: skipasmíðaiðnaður), ríkisaðstoð nr. N 113/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 51 frá 18. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska ríkisaðstoð til að fjármagna endurbætur á farþegaskipinu “Winward” (grein: skipasmíðaiðnaður), ríkisaðstoð nr. N 415/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 51 frá 18. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska ríkisaðstoð til að stuðla að uppbyggingu svæða á Ítalíu sem heyra undir markmið 1, 2 og 5b, ríkisaðstoð nr. N 630/97(sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 51 frá 18. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt belgíska ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja vegna fjárfestinga þeirra á mörkuðum í Asíu, ríkisaðstoð nr. N 453/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 51 frá 18. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska ríkisaðstoð til endurskipulagningar á fyrirtækinu Chemie GmbH Bitterfeld-Wolfen (dímetýlsúlfatverksmiðja), ríkisaðstoð nr. 919/96 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 51 frá 18. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoð til endurskipulagningar á fyrirtækinu Chemie GmbH Bitterfeld-Wolfen (dímetýlsúlfatverksmiðja), ríkisaðstoð nr. 919/96 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 51 frá 18. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt austurríska ríkisaðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja til að stuðla að auknum fjárfestingum þeirra og aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja í ferðamannaiðnaðinum sem eiga í erfiðleikum, ríkisaðstoð nr. N 612/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 51 frá 18. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska ríkisaðstoð til fyrirtækisins Chemische Werke Piesteritz GmbH (grein: kemísk efni - fosföt), ríkisaðstoð nr. N 198/97 og NN 81/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 51 frá 18. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska björgunaraðstoð til fyrirtækjanna Schmiedewerke Roßwein GmbH i.G. og PSW Press-und Schmiedewerk GmbH, Brand Erbisdorf (grein: breyting á stálvörum), ríkisaðstoð nr. NN 134/97 og N 570/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 51 frá 18. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska ríkisaðstoð vegna endurskipulagningar á fyrirtækinu ICS Industriechemikalien Schwefelnatrium GmbH, ríkisaðstoð nr. NN 130/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 51 frá 18. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska björgunaraðstoð til fyrirtækisins Stahl-und Maschinenbau GmbH í Mecklenburg-Vorpommern, ríkisaðstoð nr. NN 173/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 51 frá 18. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt danska ríkisaðstoð vegna geymslu á fiskibirgðum, umbóta og endurskipulagningar á sviði fiskveiða og kvíaeldis, eftirlits og til að koma í veg fyrir fisksjúkdóma og til að styrkja rannsóknarverkefni í þágu fiskveiða, ríkisaðstoð nr. N 574/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 51 frá 18. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska ríkisaðstoð vegna svæðaþróunar í Valensíu, ríkisaðstoð nr. N 685/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 58 frá 24. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenska ríkisaðstoð vegna framleiðslu á fljótandi kristallskjám (N 963/C/95, N 911/96) og vegna nýrrar myndtækni til læknisfræðilegra nota (N 693/E/95, N 910/96), ríkisaðstoð nr. N 963/C/95, N 911/96, N 963/E/95 og N 910/96 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 58 frá 24. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt danskar aðstoðarráðstafanir fyrir raforkuver, ríkisaðstoð nr. N 305/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 58 frá 24. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska endurskipulagningaraðstoð til fyrirtækisins Stamag Stahl- und Maschinenbau AG, ríkisaðstoð nr. 517/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 58 frá 24. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska aðstoð til að viðhalda störfum á svæðum sem falla undir markmið 1 og 2, ríkisaðstoð nr. N 688/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 58 frá 24. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska aðstoð til að viðhalda störfum á svæðum sem falla undir a-lið 3. mgr. 92. gr., ríkisaðstoð nr. N 737/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 58 frá 24. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoð vegna einkavæðingar á fyrirtækinu Werwertungszentrum Zeits GmbH, sem nú heitir Zeitzer Standort Gesellschaft GmbH (ZSG), ríkisaðstoð nr. N 728/97 og NN 6/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 58 frá 24. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska fjárfestingaraðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Andalúsíu, ríkisaðstoð nr. N 189/A/97 og N 189/B/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 58 frá 24. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt finnska aðstoð til Valmet Automotive vegna fjárfestinga fyrirtækisins Uusikaupunki, ríkisaðstoð nr. N 174/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 58 frá 24. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoð vegna ráðningar fólks sem hefur búið við langvarandi atvinnuleysi, ríkisaðstoð nr. N 333/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 65 frá 28. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoð til rannsókna og þróunar á sviði umhverfismála, ríkisaðstoð nr. N 135/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 65 frá 28. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoð vegna endurskipulagningar á litlum og meðalstórum fyrirtækjum í erfiðleikum, ríkisaðstoð nr. N 181/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 65 frá 28. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenska aðstoð vegna svæðauppbyggingar í Groningen og Fríslandi, ríkisaðstoð nr. N 543/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 65 frá 28. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoð vegna umhverfisverndar og orkusparnaðar í ríkinu Brandenborg, ríkisaðstoð nr. N 632/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 65 frá 28. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoð vegna endurskipulagningar á fyrirtækjum í erfiðleikum í Saxlandi-Anhalt, ríkisaðstoð nr. N 452/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 65 frá 28. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoð vegna svæðaþróunar í Saarlandi og Nordrhein-Westfalen, ríkisaðstoð nr. 319/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 65 frá 28. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska aðstoð vegna svæðaþróunar á Kanaríeyjum, ríkisaðstoð nr. N 144/A/96 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 65 frá 28. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoð vegna endurskipulagningar og einkavæðingar á fyrirtækinu Verpackungszentrum Bitterfeld GmbH, Bitterfeld-Wolfen, ríkisaðstoð nr. N 499/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 65 frá 28. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoð vegna aðgerða sem miða að alþjóðavæðingu fyrirtækja í Saxlandi-Anhalt, ríkisaðstoð nr. N 600/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 65 frá 28. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska aðstoð til lítilla og meðalstórra fyrirtækja í héraðinu Bolsanó, ríkisaðstoð nr. N 604/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 65 frá 28. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt belgíska aðstoð vegna svæðaþróunar í héraðinu Hainaut, ríkisaðstoð nr. N 550/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 65 frá 28. 2. 1998).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt hollenska aðstoð vegna þróunar á búnaði til að mæla snúningsátak véla til að koma í veg fyrir svik, ríkisaðstoð nr. N 775/97 (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. C 65 frá 28. 2. 1998).

ÍSLENSK útgáfa

## Skrá yfir útgefnar ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 98/EES/10/11

Framkvæmdastjórnin hefur birt eftirfarandi ákvarðanir:

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 1. október 1997 um aðstoð Frakklands til fyrirtækjanna Thomson SA og Thomson Multimedia (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. L 67, 7. 3. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 5. nóvember 1997 um aðstoð sem Spánn áformar að veita fyrirtækinu Astilleros Zamacona SA vegna fimm dráttarbáta (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. L 59, 20. 2. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 3. febrúar 1998 um aðferð við staðfestingu á samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er kerfi sveigjanlegra vatnsþéttra loftklæðninga sem festar eru á vélrænan hátt (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. L 42, 14. 2. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 6. febrúar 1998 um innflutning á lifandi sauðfé og geitum frá Úrúgvæ og breytingu á tilskipun ráðsins 79/542/EBE (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. L 46, 17. 2. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. febrúar 1998 um breytingu á ákvörðun 97/569/EB um gerð bráðabirgðalista yfir starfsstöðvar í þriðju löndum sem aðildarríkin heimila innflutning frá á kjötvörum (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. L 53, 24. 2. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. febrúar 1998 um viðurkenningu á eftirlitsáætlun sem Frakkland lagði fram til að greina leifar eða efni í lifandi dýrum og dýraafurðum (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. L 47, 18. 2. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. febrúar 1998 um viðurkenningu á eftirlitsáætlun sem Breska konungsríkið lagði fram til að greina leifar eða efni í lifandi dýrum og dýraafurðum (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. L 47, 18. 2. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. febrúar 1998 um viðurkenningu á eftirlitsáætlun sem Austurríki lagði fram til að greina leifar eða efni í lifandi dýrum og dýraafurðum (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. L 47, 18. 2. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. febrúar 1998 um viðurkenningu á eftirlitsáætlun sem Finnland lagði fram til að greina leifar eða efni í lifandi dýrum og dýraafurðum (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. L 47, 18. 2. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. febrúar 1998 um viðurkenningu á eftirlitsáætlun sem Svíþjóð lagði fram til að greina leifar eða efni í lifandi dýrum og dýraafurðum (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. L 47, 18. 2. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. febrúar 1998 um breytingu á ákvörðun 97/296/EB um gerð lista yfir þriðju lönd sem heimilt er að flytja frá fisk til neyslu (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. L 47, 18. 2. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. febrúar 1998 um fastsetningu sérstaka skilyrða fyrir innflutningi á fisk- og fiskeldisafurðum sem upprunnar eru í Bangladesh (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. L 46, 17. 2. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. febrúar 1998 um breytingu á ákvörðun 97/778/EB um uppfærslu á lista yfir landamæraeftirlitsstöðvar sem eru viðurkenndar til að annast dýraheilbrigðiseftirlit (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. L 62, 3. 3. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. febrúar 1998 um breytingu á ákvörðun 96/295/EB um greiningu og skráningu á einingum í tölvunetinu Animo, hvað varðar Þýskaland, Belgíu, Breska konungsríkið, Írland, Spán, Austurríki, Finnland og Svíþjóð (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. L 62, 3. 3. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. febrúar 1998 um breytingu á ákvörðun 93/70/EB um kóðun fyrir ,,Animo" tilkynningar til að fella inn tilteknar tegundir af dýraúrgangi (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. L 62, 3. 3. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. febrúar 1998 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/232/EB um að skipuleggja tímabundna tilraun samkvæmt tilskipun ráðsins 69/208/EBE til að fastsetja skilyrði fyrir fræ af blendingum og ýmsum stofnsamsetningum af fóður- og næpurepju (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. L 63, 4. 3. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. febrúar 1998 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/650/EBE um að skipuleggja tímabundna tilraun á markaðssetningu á fræjum í lausri vigt til neytenda (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. L 63, 4. 3. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. febrúar 1998 um viðurkenningu á áætlun sem Spánn lagði fram vegna eftirlits með svínapest (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. L 64, 5. 3. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 19. febrúar 1998 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/652/EB um skrá og dreifingu verkefna á sviði samvinnu milli aðildarríkjanna um vandamál er varða matvæli (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. L 64, 5. 3. 1998)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 23. febrúar 1998 um fastsetningu á nákvæmum reglum um opinbera sýnatöku vegna eftirlits með tilteknum efnum og efnaleifum í lifandi dýrum og dýraafurðum (sjá nánari útlistun í Stjtíð. EB nr. L 64, 5. 3. 1998).

ÍSLENSK útgáfa



# Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 9. 2. til 13. 2. 1998

98/EES/10/12

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

| Kóði | Skráningarnúmer | Titill | Samþykkt af fram-kvæmda-stjórninni þann | Sent til ráðsins þann | Blað-síðu fjöldi |
|---|---|---|---|---|---|
| COM(98) 30 | CB-CO-98-031-EN-C([1]) | Tillaga að tilskipun ráðsins um sköttun vélknúinna ökutækja til einkanota sem stöðugt er verið að flytja til annars aðildarríkis vegna breytinga á fastri búsetu, eða sem notuð eru tímabundið í öðru aðildarríki en þar sem þau eru skráð | 10.2.1998 | 10.2.1998 | 29 |
| COM(98) 37 | CB-CO-98-061-EN-C | Skýrsla um fyrstu heimsóknir embættismanna framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna samkvæmt 5. gr. tilskipunar ráðsins 93/99/EB til að meta innlend kerfi fyrir opinbert matvælaeftirlit | 11.2.1998 | 11.2.1998 | 13 |
| COM(98) 44 | CB-CO-98-046-EN-C | Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun 76/116/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um tilbúinn áburð vegna markaðssetningar á tilbúnum áburði sem inniheldur kadmíum í Austurríki, Finnlandi og Svíþjóð | 11.2.1998 | 11.2.1998 | 6 |
| COM(98) 69 | CB-CO-98-072-EN-C | Álit framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt d-lið 2. mgr. 189. gr. b í EB-sáttmálanum um breytingar Evrópuþingsins á sameiginlegri afstöðu ráðsins varðandi tillögu að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun ráðsins 89/398/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um sérfæði | 11.2.1998 | 11.2.1998 | 5 |
| COM(98) 79 | CB-CO-98-082-EN-C | Álit framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt d-lið 2. mgr. 189. gr. b í EB-sáttmálanum um breytingar Evrópuþingsins á sameiginlegri afstöðu ráðsins varðandi tillögu að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um að koma á fót kerfi fyrir faraldursfræðilegt eftirlit og eftirlit með smitsjúkdómum í bandalaginu | 13.2.1998 | 13.2.1998 | 24 |
| COM(98) 90 | CB-CO-98-095-EN-C | Breytt tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 93/6/EBE um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana (COM(97) 71 endanleg gerð) | 13.2.1998 | 13.2.1998 | 14 |

([1]) **„EN“ vísar til enska COM-skjalsins.**

# Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir 98/EES/10/13

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða (Stjtíð. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtíð. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).
- Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/10/EB frá 23. mars 1994 um aðra efnisbreytingu á tilskipun 83/189/EBE (Stjtíð. EB nr. L 100, 19. 4. 1994, bls. 30).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni

| Tilvísun ([1]) | Titill | Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ([2]) |
|---|---|---|
| **98-0030-D** | Áttundu lög um breytingu á lyfjalögum | **22.4.1998** |
| **98-0031-D** | Tæknilegar viðbótarforskriftir og leiðbeiningar um framleiðslu á þunnum þekjulögum sem bundin eru með gagnverkandi trjákvoðu á stálgrunn, (ZTV-RHD-ST), 1988<br>Tæknilegir afhendingarskilmálar fyrir byggingarefni sem notað er í þunn þekjulög sem bundin eru með gagnverkandi trjákvoðu á stálgrunn (TL-RHD-ST), 1998<br>Reglugerðir um tæknilega prófun á þunnum þekjulögum sem bundin eru með gagnverkandi trjákvoðu á stálgrunn (TP-RHD-ST), 1988 | **22.4.1998** |
| **98-0032-D** | Tæknilegar viðbótarforskriftir og leiðbeiningar um framleiðslu brúarklæðninga á steinsteypugrunn, 2. hluti: vatnsþétt klæðning sem gerð er úr tveimur steinsteypulögum (ZTV-BEL-B, 2. hluti), 1998<br>Tæknilegir afhendingarskilmálar fyrir vatnsþétta klæðningu sem gerð er úr tveimur steinsteypulögum vegna framleiðslu brúarklæðninga á steinsteypugrunn í samræmi við ZTV-BEL-B, 2. hluti (TL-BEL-B, 2. hluti), 1998<br>Reglugerðir um tæknilega prófun á brúarklæðningum á steinsteypugrunn með vatnsþéttri klæðningu sem gerð er úr tveimur steinsteypulögum í samræmi við ZTV-BEL-B, 2. hluti (TP-BEL-B, 2. hluti), 1988 | **22.4.1998** |
| **98-0033-D** | Leiðbeiningar um endurvinnslu á jarðefnaúrgangi við vegagerð | **22.4.1998** |
| **98-0034-A** | Fjarskiptareglugerð um spansenditæki á tíðnisviðinu 9 til 400 kHz (FTV 525) | **24.4.1998** |
| **98-0035-NL** | Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð um lekaþéttleika kælibúnaðar 1997 | **23.4.1998** |
| **98-0036-NL** | Viðbótarreglur við reglur um námavinnslu frá 1964 og reglur um öryggisbúnað við borholur á landgrunninu | **24.4.1998** |
| **98-0037-D** | Tæknilegar kröfur um prófun og viðurkenningu (TPuZV) á hljóðmerkjakerfum til notkunar í skipum sem sigla á skipgengum vatnaleiðum (frumgerð) | **23.4.1998** |
| **98-0039-NL** | Drög að reglugerðum um mælibúnað sem notaður er af lögreglunni | **30.4.1998** |
| **98-0040-S** | Drög að reglugerðum um vernd gegn vatnsmengun við meðhöndlun á eldfimum vökvum | **30.4.1998** |
| **98-0041-NL** | Reglugerð um viðurkenningu á flughermum | **4.5.1998** |

ÍSLENSK útgáfa



| Tilvísun (1) | Titill | Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils (2) |
|---|---|---|
| **98-0044-B** | Konunglegur úrskurður um breytingu á konunglegum úrskurði frá 2. maí 1962 um notkun á tilgreiningunni ,,latex" í málningariðnaðinum | **28.4.1998** |
| **98-0045-DK** | Fyrirmæli um breytingu á fyrirmælum nr. 520 frá 9. júní 1994 um bann við sölu kvikasilfurs og vara sem innihalda kvikasilfur | **4.5.1998** |
| **98-0046-E** | Öryggisstaðlar fyrir uppsetningu á rúllubrautum og -stigum til að flytja fólk | **4.5.1998** |
| **98-0050-I** | Drög að reglugerð um smíði, uppsetningu og starfsemi fastra þrýstihylkja sem taka meira en 5 rúmmetra og ætluð eru til að geyma fljótandi jarðolíugas | **4.5.1998** |
| **98-0029-B** | Drög að konunglegum úrskurði um breytingu á konunglegum úrskurði frá 28. febrúar 1997 um tilteknar aðferðir til að tryggja flutninga á verðmætum munum (sem breytt var með konunglegum úrskurði frá 25. apríl 1997) | **(3)** |
| **97-0051-I** | Drög að úrskurði innanríkisráðherra um að koma til framkvæmda fyrstu uppfærslu á UNI-staðli 9723 CNVVF um ,,Brunamótstöðu hurða og annars lokunarbúnaðar. Prófanir og flokkunarskilyrði". | **30.4.1998** |
| **98-0052-I** | Reglugerð um uppfærslu á ráðherraúrskurði frá 21. mars 1973 um hreinlætisákvæði um umbúðir, ílát og búnað sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli eða efni til til persónulegrar notkunar. Framkvæmd tilskipunar 97/48/EB. | **6.5.1998** |
| **98-0053-I** | Drög að ráðherraúrskurði um gæðamerkingar á þurrkuðum sveppum | **30.4.1998** |
| **98-0021-B** | Konunglegur úrskurður um geymslu, markaðssetningu og notkun plöntuvarnarefna til notkunar í landbúnaði | **16.4.1998** |
| **98-0038-B** | Flæmskar reglugerðir um að koma í veg fyrir úrgang og eftirlit með úrgangi, ,,VLAREA" | **29.4.1998** |
| **98-0043-A** | Fjarskiptareglugerð um talsímabúnað á tíðnisviðinu 27,5 til 28,0 MHz (FTV 503) | **13.5.1998** |
| **98-0047-D** | Tæknilegar kröfur um prófun og viðurkenningu (TPuZV) á leitarljósum á hraðbátum (frumgerð) | **4.5.1998** |
| **98-0054-FIN** | Hönnun, uppsetning, viðhald og eftirlit með brunavörum | **30.4.1998** |
| **98-0055-D** | § 41 StVZO - tilskipun um hemlabúnað ökutækja með vökvastöðudrifi | **4.5.1998** |
| **98-0056-NL** | Drög að byggingarreglugerð um nýbyggingar 1998 | **12.5.1998** |
| **98-0057-NL** | Drög að byggingarreglugerð um efni 1998 | **11.5.1998** |
| **98-0058-NL** | Drög að byggingarreglugerð um fyrirliggjandi byggingar 1998 | **11.5.1998** |
| **98-0059-B** | Ráðherraúrskurður um skattakerfi fyrir vörur sem falla undir umhverfisskatt | **5.5.1998** |
| (3)(4)(5) | | |

(1) **Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.**

(2) **Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.**

(3) **Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá".**

(4) **Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.**

(5) **Ekkert stöðvunartímabil vegna skatta- eða fjármálaráðstafana; sbr. 3. lið 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 94/10/EB.**

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtíð. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.